

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um verðmæti veiða í ám og vötnum.

Frá Bjarna Jónssyni.

1. Hefur nýlega verið lagt mat á verðmætasköpun sem veiði í ám og vötnum stendur undir og þýðingu veiða á vatnafiskum fyrir byggð í sveitum landsins, og ef svo er, hverjar eru meginniðurstöður slíks mats?
2. Telur ráðherra að áform um aukið laxeldi í sjó krefjist nýs verðmæta- og áhættumats fyrir veiði í ám og vötnum?
3. Hvernig telur ráðherra að haga beri umgengni um þá auðlind sem villtir íslenskir laxfiskar eru og varðveislu erfðauðlindar þeirra til framtíðar?

Skriflegt svar óskast.